

Starfsleyfi

N1 ehf.

Kt. 411003-3370

Leyfi til að starfrækja: Matvöruverslun
Aðsetur starfseminnar: Reykjavíkurvegur 54, Hafnarfjörður

Heilbrigðisnefnd veitir leyfi samkvæmt ákvæðum VIII. kafla laga um matvæli nr. 93/1995, með síðari breytingum.

Leyfið gildir frá 28. janúar 2019 til 27. janúar 2031

Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um matvæli og hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt.

Gildissvið

Leyfið tekur til sölu og dreifingar á matvöru sbr. reglugerð 103/2010 um gildistöku reglugerðar EB um hollustuhætti er varða matvæli.

Almennar kröfur

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum sem fram koma í:

- IV. kafla reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 um húsnæði og lóðir,
- III. kafla reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 þar sem fjallað er um að draga skuli úr myndun úrgangs, meðhöndlun og geymslu hans og þrifnað lóða.

Innra eftirlit vegna matvælaöryggis

Starfrækja skal innra eftirlit sbr. ákvæði 10. greinar laga um matvæli nr. 93/1995, sem tekur til góðra starfsháttar, þrífaáætlana, rétrrar hitameðhöndlunar matvæla, kælavöktunar, þjálfunar starfsfólks, meindýravarna, rekjanleika matvara og réttra merkinga.

Eftirlit

Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 93/1995, með síðari breytingum. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum laga um matvæli.

Starfsleyfið er bundið kennitölu og ofangreindu aðsetri starfseminnar. Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi, sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, með hæfilegum fyrirvara.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjörðar- og Kópavogssvæðis
Garðabær, 28. mars 2019

